

14. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

haldinn föstudaginn 2. mars 2018 kl. 15:00

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og Sigrún Blöndal, formaður SSA.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, boðaði forföll en Ingveldur Sæmundsdóttir aðstoðarmaður hans sat fundinn í hans stað. Björgólfur Jóhannsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar voru fjarverandi.

Aðrir: Hildur Sverrisdóttir (ANR), Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Orri Páll Jóhannsson (UAR), Páll Ásgeir Guðmundsson (FJR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

2. Flutningur verkefna til Ferðamálastofu og áframhaldandi fjármögnun þeirra.

- a. Mælaborð ferðaþjónustunnar
- b. Áreiðanleg gögn

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á flutningi Mælaborðs ferðaþjónustunnar til Ferðamálastofu og verkefna undir heitinu Áreiðanleg gögn hins vegar. Rætt um að kostnaður við verkefnið væri í kringum 100-150 m.kr. á ári en til þess hefur allur kostnaður verið borinn af ANR. Borið upp hvort verkþátturinn Áreiðanleg gögn væri tilbúinn til afhendingar til Ferðamálastofu í samræmi við fyrirætlanir ferðamálaráðherra um að fela stofnuninni umsjón með rannsóknnum í ferðaþjónustu með frv. til l. um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu. Minnt á að KPMG hefði árið 2013 gert úttekt á rannsóknarþörf í ferðaþjónustu. Þeir þættir sem hefðu verið skilgreindir sem rannsóknarverkefni undir hatti Áreiðanlegra gagna væru allir tilgreindir þar og mikill ávinningur væri fólgin í því að koma málum þannig fyrir að þessar rannsóknir væru framkvæmdar með reglubundnum hætti. Jafnframt kom fram að Ferðamálastofa annaðist í dag fleiri mælingar en skilgreindar væru skv. Áreiðanlegum gögnum og myndu halda því áfram. Spurt var um fjármögnun rannsókna, sem gert er ráð fyrir að verulegu leyti í áætlunum ANR, og farið yfir það hvernig val á rannsóknaraðilum hefur átt sér stað. Loks rætt að umsjón Ferðamálastofu með Mælaborði ferðaþjónustunnar annars vegar og rannsóknnum í ferðaþjónustu hins vegar kallaði á tvo nýja starfsmenn. Tillaga samþykkt.

3. Sjálfbærni viðmið, staða verkefnis.

Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir uppbyggingu verkefnisins til upprifjunar og fór svo yfir að verið væri að kalla vinnuhópa saman sem myndu greina sjálfbærni vísa og setja gildi á þá. Þær tillögur færðu síðan til umræðu hjá þremur ráðgjafaráðum sem myndu taka endanlegar ákvarðanir. Þessi vinna væri forsenda stefnumótunar fyrir greinina með því að þanþol og hreyfanleiki þeirra breytta sem verið væri að fást við lægi fyrir.

4. Önnur verkefni, staða og framhald.

- a. Leyfisveitingaverkefni og leyfisveitingagátt.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að á vegum SF hefði verið tekin upp vinna frá árinu 2014 um leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem hefði það að markmiði að taka upp eina

leyfisveitingagátt. Verkefnið fæli jafnframt í sér skoðun á stjórnsýslulegri umgjörð í kringum ferðaþjónustuna og hvort henni væri fyrir komið með skilvirkum hætti. Í því tilliti þyrfti að skoða rafræna ferla, notkun íslykla og rafrænna undirskrifta en FJR væri nú að innleiða tækni þessu tengda. Hins vegar þyrfti að eiga samtal við Þjóðskrá og fleiri aðila til að koma málinu á endanlegan reksþól. Lokamarkmið væri ein leyfisveitingagátt þar sem ekki skipti máli hver leyfisveitandinn væri. Ferlar yrðu jafnframt styttnir með því að ekki væri hægt að loka umsókn nema búíð væri að fylla út alla dálka og senda inn öll fylgiskjöl. Tillaga samþykkt.

b. Framleiðniverkefni

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að meiri yfirsýn vantaði yfir framleiðni greinarinnar sem kallaði á viðbótargagnaöflun. Verkefnið, sem myndi kosta 4 m.kr. myndi snúast um að greina tækifæri til aukinnar arðsemi í ferðaþjónustu sem væri liður í og undanfari að stefnumótun greinarinnar. Tillaga samþykkt.

c. Merkingaverkefni og upplýsingaveita ferðamanna.

Tekið út af dagskrá.

d. Talningar ferðamanna til og frá landinu.

Tekið út af dagskrá.

5. Önnur mál.

a. Gjaldtökumál.

Málið var tekið til umræðu að frumkvæði SAF sem greindu frá því að samtökin vildu koma fram af ábyrgð í gjaldtökumálum en jafnframt fara að ljúka þessum kafla umræðunnar. Ýmislegt hefði gerst tengt gjaldtökumálum sem þó hefði aldrei verið lokið, náttúrupassi, heimildir til álagningar bílastæðagjalda, gistináttagjald sem hefði verið þrefaldað úr 100 kr. í 300 kr. sl. haust, áform sem nú hefði verið horfið frá um að ferðaþjónusta færi í efra þrep virðisaukaskatts og loks áskilnaður í stjórnarsáttmála um að gjaldtaka yrði skoðuð í samráði við greinina, m.a. komu og/eða brottfarargjöld. Stjórnarmenn ræddu málið sín á milli. Framkvæmdastjóri lagði til að settur yrði á fót samráðshópur sem myndi fara yfir það hvaða markmiðum gjaldtöku væri ætlað að ná. Væntingar stæðu til þess að verkefni um sjálfbærni viðmið myndu gefa vísbendingu um þanþól sem myndi færa umræðu um gjaldtöku yfir á annað stig. Lagt til að fundað yrði fyrir næsta stjórnarfund um umgjörð samráðs. Tillaga samþykkt.

b. Forgangsmál í verkefnaáætlun Vegvísis (niðurstöður vinnuhópa)

Framkvæmdastjóri kynnti lauslega niðurstöðu vinnuhópa á vegum SF um endurskoðun forgangsmála.

c. Forgangsmál vegna aukningar ferðamanna fyrir sumarið 2018 (niðurstöður vinnuhópa)

Framkvæmdastjóri fór yfir lista yfir forgangsmál sumarsins. Samþykkt tillaga um að skoða fyrir næsta fund hvað væri fýsilegt og skynsamlegt að gera m.t.t. fjármögnunar.